



Samtök um Kynheilbrigði

Ársskýrsla 2021-2022

Stjórn FKB

Formaður

Yvonne Kristín Fulbright

Gjaldkeri

Arna Garðarsdóttir

Ritari

Sóley S. Bender

Meðstjórnendur:

Anna Eir Guðfinnudóttir

Íris Björk Jónsdóttir

Aðalfundur og starf stjórnar

Stjórnin hefur fundað 9 sinum á síðasta ári. Aðalfundur fór fram 24. maí 2021. Þar var ákveðið að Yvonne Kristín yrði áfram formaður fyrir eitt ár í viðbót og Arna yrði áfram gjaldkeri. Íris gaf ekki kost á sér áfram í stjórn og Helga Sigfúsdóttir, sem tók þátt í fundum í vor, var boðið sætið hennar. Anna Eir verður nýr ritari og Sóley verður meðstjórnandi.

Verkefni stjórnar voru eftirfarandi:

- Lög in voru uppfærð og aðalfundur samþykkti lög samtakanna.
- Heiti á samtökunum var breytt. Héttu áður Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir (FKB) en nýja heitið er Samtök um kynheilbrigði (KynHeil).
- Vinna með hönnuði að nýju merki/lógó.
- Kjörorð voru ákveðin: Ánægja Samskipti Traust.
- KynHeil stofnaði tilveru á samfélagsmiðlum Facebook og Instagram.
- Ný heimasíða félagsins var búin til í umsjón Yvonne.
- KynHeil fékk styrk úr Lýðheilsusjóði að upphæð kr. 500.000 til að bæta vefsíðuna með áherslu á ungt fólk.
- Sóley og Yvonne Kristín voru með erindi um samtökin á NACS í október og fjölluðu m.a. um starfsáætlun samtakanna.
- Sóley og Yvonne hófu vinnu sem ritstjórar við endurgerð alhliða kynfræðsluefnis fyrir framhaldsskóla.
- „Gríma fyrir kynfærin“ var yfirstandandi verkefni þar sem stjórnin kallaði eftir myndefni frá ungu fólkum á smokkadaginn 13. febrúar.
- Umræða um leiðir til að auka fjölda félagsmanna.
- Samtökin sendu frá sér yfirlýsingu í fjölmiðla varðandi umræðuna um kyrkingu og kynlíf.

Stefnumál KynHeil

Í starfsáætlun samtakanna er helstu stefnumálum betur lýst. Hér verður stiklað á stóru um þau verkefni sem eru í gangi.

- Halda áfram að fá áhugasama aðila í stjórn samtakanna.
- Vinna að því að fá fleiri meðlimi í samtökin með fjölbreyttan bakgrunn.

- Vinna áfram að því að endurvekja starfsemi samtakanna.
- Kynna samtökin út á við og taka þátt í viðburðum tengdum málflokknum eins og samfélagsumræðunni með greinaskrifum t.d., skrifa grein um 30 ára afmæli KynHeil sem verður í september.
- Vekja athygli á málefnum er varða kynheilbrigði, meðal annar með fræðsluefni á heimasíðu samtakanna.
- Skoða mögulegt samstarf t.d. við aðra aðila sem vinna að kynheilbrigði.
- Vera til ráðgjafar varðandi þá málaflokka sem unnið er að um kynheilbrigðismál á Íslandi.
- Samtökin stefnir að því að læra af reynslu annarra samtaka með því að vera vakandi fyrir því starfi sem unnið er af öðrum með sameiginleg markmið. Einnig stefnir KynHeil að því að miðla af eignin reynslu með því að verða sýnilegri út á við, með lifandi Facebook síðu og greinaskrifum eða viðtölum í fjölmiðlum.
- KynHeil stefnir að því að auka samstarf við heilbrigðisstofnannir og menntastofnanir með því að kynna starfsemi sína á þeim vettvangi.
- KynHeil stefnið að því að sækja um fleiri styrki fyrir starfsemi sinni og útgáfu fræðsluefnis.
- Leitað sé leiða til að fá ýmsa fagaðila til að vinna gagnreynt fræðsluefni fyrir heimasíðuna. .
- Undirbúa umsókn um aðild að IPPF.

Lokaorð

Mikilvægt er að byggja áfram upp innviði samtakanna áður en unnt er að fjölga félagsmönnum og sækja um aðild að IPPF. Þegar hafa lög samtakanna og starfsáætlun verið uppfærð. Með innviðum er átt við að hanna aðgengilega og gagnlega heimasíðu sem sýnir fram á verkefni samtakanna. Þar geti ungt fólk kynnt sér alls konar fræðsluefni og fagfólk sótt sér upplýsingar um kynheilbrigðismál. Jafnframt þurfa samtökin að vinna að mikilvægum verkefnum sem eykur sýnileika þeirra og gildi fyrir íslenskt samfélag. Samhliða þessu þurfi að afla fjár til starfsminnar, að samtökin geti skapað sér aðsetur og hafi starfsmann til að sinna brýnustu verkefnum.